



Fundargerð hreppsnefndar 04. október 2012

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 4. okt. 2012 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Á fundinn voru mætt Þórunn Egilsdóttir, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir og Bárður Jónasson. Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 20. sept. sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 20. sept. sl.
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál. Fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar frá 28. sept. sl.
Lögð fram fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar frá 28. sept. sl.
Fundagerðin síðan samþykkt samhljóða.

3. mál. Sundabúð, legudeild. -Staða mála-
Oddviti sveitarstjórnar gerði grein fyrir þeirri vinnu sem fram hefur farið í þessum málum og viðræðum við þingmenn og fleiri aðila er málin varðar.
Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps telur að rekstur legudeildarinnar að Sundabúð sé ein af grunnstoðum samfélagsins. Mikið riður því á að lausn finnist til framtíðar í rekstrinum.
Samhljóða var samþykkt að fela oddvita og sveitarstjóra að vinna áfram að framgangi mála þ.a. óvissuástandi um reksturinn linni sem allra fyrst.
Hreppsnefnd samþykkti einnig að óskað yrði eftir sérstökum fundi um þessi mál með Velferðarráðherra og fyrsta þingmanni kjördæmisins.

4. mál. Bréf Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytisins dags. 10. sept. sl., varðandi byggðakvóta. Jafnframt umsókn Vopnafjarðarhrepps, vegna byggðakvóta 2012/2013.
Lögð fram bréf Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytisins dags. 10. sept. sl., varðandi byggðakvóta og bréf Vopnafjarðarhrepps frá 28. sept. sl., þar sem sótt er um byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2012/2013.
Samþykkt að vísa erindunum til vinnslu í atvinnumálanefnd sveitarfélagsins.
Samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

5. mál. Bréf Fjárlaganefndar Alþingis frá 3. sept. sl., varðandi fund með nefndinni.
Lagt fram bréf Fjárlaganefndar Alþingis frá 3. sept. sl., þar sem boðið er upp á viðtalstíma hjá nefndinni.

Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að taka saman erindi sveitarfélagsins til Fjárlaganefndar og að hann ásamt oddvita mæti til fundar við nefndina.

6. mál. Sundlaug í Selárdal, drög að úttekt og bókun HAUST.
Lögð fram greinargerð um ástand og endurbætur sundlaugarkerfa í sundlauginni í Selárdal.
Ennfremur lögð fram bókun HAUST frá 12. sept. sl.

Greinargerðin er unnin af verkfræðistofu Norðurlands að beiðni Vopnafjarðarhrepps.
Verkfræðistofan fer yfir helstu möguleika til þess að efnaástand vatnsins í sundlauginni uppfylli þær kröfur sem upp eru settar varðandi gæði vatns í Sundlaugum samkvæmt lögum og reglugerðum þar um. Meðfylgjandi er og kostnaðaráætlun yfir þá tvo kosti sem helst eru taldir koma til greina og kallaðir eru valkostir A og B í greinargerðinni. Valkostur A miðar að því að notað verði lokað hreinsikerfi, sem uppfyllir allar kröfur og markmið.

Valkostur B miðar við að notuð verði kolsýra í nægjanlegu magni til þess að sýrustilla jarðhitavatnið, en þessi leið uppfyllir ekki að öllu leyti kröfur og markmið sem upp eru sett.

Stofnkostnaður við leið A er mun meiri en við leið B. Rekstrarkostnaður við leið B er aftur á móti mun meiri. Á 10 ára tímabili er staðan þó sú að valkostur A er verulega ódýrari en valkostur B, sé tekið mið af samvegnum stofnkostnaði og rekstrarkostnaði.

Fljótt á litið virðist því valkostur A vera sá kostur sem best er að grípa til.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að óska eftir því að fulltrúi verkfræðistofnunar komi á fund nefndarinnar við fyrstu hentugleika og fari nánar yfir málin.

Jafnframt talið rétt að bjóða fulltrúa HAUST að sitja einnig þann fund.

Hreppsnefndarmenn töldu einnig æskilegt að kostnaðarmeta hvað ný sundlaug í þéttbýlinu gæti kostað og jafnframt að kanna kostnað við að loka sundlaug og sundlaugarsvæði í Selárdal með girðingu þannig að unnt væri að setja upp ákveðna opnunartíma laugarinnar. Sveitarstjóra falið að láta kanna þennan kostnað og láta vinna grófa kostnaðaráætlun.

7. mál. Ályktun aðalfundar foreldrafélags Vopnafjarðarskóla frá 17. Sept. sl.

Lögð fram ályktun aðalfundar foreldrafélags Vopnafjarðarskóla, varðandi stofnun framhaldsskóladeildar á Vopnafirði.

Hreppsnefnd tekur heilshugar undir ályktun foreldrafélagsins og samþykkir að senda ályktunina til kynningar hjá starfshópi hreppsnefndar, sem unnið hefur að undirbúningi að stofnun slíkrar deildar.

8. mál. Bréf Skipulagsstofnunar frá 12. sept. sl., varðandi deiliskipulag urðunarstaðar og athafnalóða að Búðaröxl.

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar frá 12. sept. sl., varðandi deiliskipulag svæðis fyrir urðunarstað og athafnalóðir. Í bréfinu kemur fram að stofnunin hefur yfirfarið gögn málsins og gerir ekki athugasemd við það að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Hreppsnefnd fagnar þessum áfanga og felur sveitarstjóra að auglýsa deiliskipulagið með tilskyldum hætti.

9. mál. Bréf Umhverfis- og Auðlindaráðuneytisins varðandi starfsleyfi sorphauga Vopnafjarðarhrepps.

Lagt fram bréf Umhverfis- og Auðlindaráðuneytisins dag. 25. sept. sl., varðandi starfsleyfi sorphauga Vopnafjarðarhrepps.

Í bréfinu kemur fram að veitt hefur verið heimild til áframhaldandi starfsleyfis á sorphaugum Vopnafjarðarhrepps á meðan fjallað verður um nýja umsókn með tilliti til 17. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Hreppsnefnd fagnar þessum áfanga í málinu og felur sveitarstjóra að vinna áfram að málum til samræmis við umgetin lög um umhverfismat.

10. mál. Athugasemdir við tillögu að skipulagi á svæði Golfvallar Vopnafjarðar.

Lagðar fram athugasemdir vegna skipulags og framkvæmda golfvallar Vopnafjarðar. Skipulagið var sett í grenndarkynningu fyrir nokkru.

Hreppsnefndarmenn lýsa ánægju með framkomnar athugasemdir og samþykkja að senda þær til kynningar í Skipulags- og bygginganefnd sveitarfélagsins.

Hreppsnefnd samþykkir einnig að fela sveitarstjóra að ræða við eigendur Garðshorns um endanlegan frágang heimreiðar að sumarhúsi þeirra. Bæði varðandi legu og kostnaðarskiptingu verksins.

11. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Bréf Innanríkisráðuneytisins dags. 21. sept. sl., varðandi málstefnu sveitarfélaga.

Lagt fram bréf Innanríkisráðuneytisins frá 21. Sept. sl., varðandi málstefnu sveitarfélaga skv. 130 gr. Sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjóra falið að svara ráðuneytinu.

b) Bréf Einherja dags. 12. sept., varðandi vinnuframlag við íþróttavöllinn.
Lagt fram bréf Einherja, varðandi vinnuframlag við íþróttavöllinn. Sveitarstjóra og oddvita falið að taka málið upp við Einherja í tengslum við rekstrarstyrk til félagsins og uppbyggingu íþróttasvæða- og mannvirkja.

Þórunn Egilsdóttir vék af fundi undir umfjöllun þessa liðar

c) Bréf Kvenfélagsins Lindarinnar dags. 10. sept. sl., varðandi styrk.
Lagt frambréf Kvenfélagsins Lindarinnar dags. 10. sept. sl., þar sem óskað er eftir niðurfellingu fasteignagjalda á félagsheimili félagsins að Staðarholti.
Hreppsnefnd hefur ekki heimild til þess að fella niður fasteignagjöld eins og óskað er eftir. Erindinu er því hafnað en félaginu bent á að sækja um styrk á fjárhagsáætlun.
Þórunn mætti síðan aftur á fund.

d) Bréf ferðamálaklasa Vopnafjarðar frá 1. okt. sl., varðandi uppbyggingu ferðamála á Vopnafirði.
Lagt fram bréf frá ferðamálaklasa Vopnafjarðar, varðandi hugmyndir um uppbyggingu ferðamála á Vopnafirði.
Samþykkt að fá fulltrúa klasans á næsta fund hreppsnefndar þar sem gerð verði nánari grein fyrir hugmyndum hópsins í þessum málum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.15